

Ed.

120. Frumvarp

til laga um viðurlög við ölvan embættismanna, skipstjóra o. fl.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Hver sá embættismaður eða sýslunarmaður, sem er ölvaður, þegar hann

er að gegna embætti sínu eða sýslan, sæti refsingu, í fyrsta sinn sektum frá 50—500 kr., í annað sinn sektum frá 100 - 1000 kr. Verði slikt oftár, skal auk hinnar síðarnefndu sektar svifta hinn brotlega embætti sínu eða sýslan um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt ekki sje hann embættismaður, sem er ölvaður þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir lækningaleyfis, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, í stað embættis- eða sýslunarmissis.

2. gr.

Sömu viðurlög liggja og við því, ef skipstjórar eða stýrimenn, bátáformenn eða vjelstjórar eru ölvaðir við störf sín á skipi því, sem þeir eiga að stjórna eða annast á vjelgæslu. Kemur þá missir rjettar til skipstjórnar og stýrimensku eða vjelgæslu, eftir því sem við á, í stað embættis- eða sýslunarmissis.

3. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara sem með opinber lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram eftir ósk nokkurra bindindis- og bannvina hjer í bænum.